

Fundargerð 96. fundar

verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2024, mánudaginn 22. apríl kl. 11:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Benedikt Traustason, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Stefán Aspar Stefánsson og Steinþór Þórðarson.

Að auki sátu fundinn Helga María Pálsdóttir sviðsstjóri, Eygerður Margrétardóttir sérfræðingur, Hugrún Geirsdóttir sérfræðingur, sem ritaði fundargerð og Gyða Einarsdóttir sérfræðingur.

Hrefna Bryndís Jónsdóttir sat fundinn í gegnum Teams.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar - 2210013SA

Fundargerð 95. fundar samþykkt samhljóða.

2. Samstarfssamningur við URN á sviði umhverfis-, orku- og loftslagsmála - 2110004SA

Sambandið og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (URN) hafa unnið að endurnýjun samstarfssamnings til tveggja ára á sviði umhverfis-, orku- og loftslagsmála. Samstarfssamningurinn felur í sér endurskoðun á samningi frá 2021 en samstarfið má rekja aftur til ársins 2015. Helga María Pálsdóttir, sviðsstjóri stjórnslusviðs sambandsins, kynnti efnisatriði samningsins fyrir verkefnisstjórn. Verkefni á sviði úrgangs- og hringrásarmála skipa stóran sess í samningnum og er gert ráð fyrir áframhaldandi gangi verkefna á því sviði. Loftslagsmálin og verkefni sem sveitarfélög og ríki þurfa að ráðast í varðandi samdrátt í losun og aðlögun að loftslagsbreytingum verða einnig sett í forgang á tímabili samningsins. Sambandið mun stofna til upplýsingahóps fyrir sveitarfélögin þar sem tengiliðum þeirra gefst kostur á að heyra af helstu tíðindum á sviði umhverfismála hverju sinni. Ánægja er með fyrirkomulag þessa samstarfs og afrakstur fyrri samninga. Er von um að þessi samningur skili einnig góðu samstarfi og styrki stöðu sveitarfélaga í umhverfismálum.

3. Kostnaðarmódel vegna greiðslna fyrir sérstaka söfnun - 2009107SA

Í bókun verkefnisstjórnar frá 13. mars sl. var því beint til sambandsins að gera tillögu að kostnaðarmódeli sem greiðslur Úrvinnslusjóðs vegna sérstakrar söfnunar gætu byggst á. Var vísað til sambærilegs fyrirkomulags í Svíþjóð þar sem greiðslur vegna sérstakrar söfnunar taka mið af ólíkum aðstæðum sveitarfélaga á hverjum stað fyrir sig. Sérfræðingar sambandsins fengu til liðs við sig í þessa vinnu Gunnar Bragason og Valgeir Pál Björnsson ráðgjafa hjá

SORPU bs. til að leggja fram tillögu að módeli. Gunnar kom inn á fundinn og sagði frá þeirri vinnu sem hefur átt sér stað og fyrstu drögum að skiptingu á sveitarfélögum sem gæti legið til grundvallar við ákvarðanatöku um upphæð greiðslna vegna sérstakrar söfnunar. Úrvinnslusjóður hefur miðað kostnaðarþátttöku sína við þrjá flokka sveitarfélaga, höfuðborgarsvæðið, minna þéttbýli og dreifbýli. Ljóst er að það þarf að breyta kerfinu, gera það gegnsærra, fjölga flokkum sveitarfélaga og tryggja að samhengi verði á milli dreifðari byggða og kostnaðar svo eitthvað sé nefnt.

Verkefnisstjórn telur að nú þegar flest sveitarfélög hafa innleitt sérstaka söfnun samkvæmt lögum nr. 103/2021 er hægt að byggja á kostnaðarmódeli Úrvinnslusjóðs á upplýsingum á raunkostnaði fyrir sérstaka söfnun sem stenst kröfur laganna. Verkefnisstjórn hvetur sveitarfélög og fyrirtæki í eigu sveitarfélaga til að deila kostnaðargögnum um sérstaka söfnun og aðra meðhöndlun úrgangs þannig að hægt sé að vinna tillögu að nýju kostnaðarmódeli. Í samhengi við þessa vinnu þarf að gera grein fyrir því hvaða aðili ber ábyrgð á að þróa og uppfæra kostnaðarmódelið.

4. Starfsleyfi og eftirlit með urðunarstöðum - 2401038SA

Á síðustu fundum verkefnisstjórnar hefur starfsleyfi og eftirlit með urðunarstöðum verið á dagskrá. SORPA bs. hefur verið með málefni mengaðs jarðvegs til skoðunar hjá sér og setti á fót starfshóp til að skoða fýsileika þess að standa að uppbyggingu innviða til að meðhöndla slíkan úrgang. Ísól Fanney Ómarsdóttir, verkefnastjóri umbreytinga hjá SORPU, og Jóhannes Ólafsson, sérfræðingur í umhverfis- og gæðamálum, komu inn á fundinn og sögðu frá vinnu starfshópsins. Starfshópurinn fór af stað síðasta haust með það að markmiði að kanna leiðir til að meðhöndla mengaðan jarðveg með viðurkenndum aðferðum í ljósi aukins magns sem er að falla til vegna uppbyggingarframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu við Ártúnshöfða og Skerjafjörð. Umhverfisstofnun hefur nýlega veitt leyfi fyrir að SORPA vinna eftir þekktri aðferðarfræði sem byggir á tækni þar sem jarðvegsskolun er beitt til að hreinsa jarðveginn. Erfitt er að flytja búnaðinn á milli staða og því ekki fyrirhugað að hægt sé að nýta hann í öðrum landshlutum í sama tilgangi. SORPA bs. mun deila aðferð og niðurstöðum verkefnisins ef áhugi er fyrir því.

5. Tillögur að breytingum á reglugerð um urðun úrgangs nr. 738/2003 - 2404012SA

Sambandinu barst beiðni frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu um að rýna tillögur að breytingum á reglugerð um urðun úrgangs nr. 738/2003 vegna innleiðingar tilskipunar ESB 2018/850. Reglugerðardrögin fara í samráðsgátt stjórnvalda undir lok apríl mánaðar en sambandinu gefst kostur á að senda inn athugasemdir fyrr. Eygerður Margrétardóttir, sérfræðingur sambandsins, fór yfir tillögurnar og helstu áherslur sambandsins í þessu samhengi. Sambandið óskar eftir að verkefnisstjórn láti sig málið varða og komi ábendingum um efni reglugerðarinnar til sín, hvort sem það varðar fyrirliggjandi breytingatillögur eða efni núverandi reglugerðar eða veiti umsögn þegar reglugerðardrögin birtast í samráðsgáttinni.

Benedikt Traustason, Helga María Pálsdóttir og Gyða Einarsdóttir véku af fundi kl. 13:00. Eygerður Margrétardóttir sat það sem eftir var af fundi í gegnum Teams.

6. Endurskoðun hönnunarviðmiða - 2401033SA

Dagskrárlíð frestað.

7. Kostnaðarmatsverkefni sambandsins vegna úrgangsstjórnunar sveitarfélaga - 2308026SA

Niðurstöður úr fyrri hluta kostnaðarmatsverkefnis sambandsins vegna úrgangsstjórnunar sveitarfélaga liggur nú fyrir. Verkefnið hófst undir lok árs 2023 í samstarfi við fimm sveitarfélög og skiptist í tvo áfanga. Í þeim fyrri hafa ráðgjafar PNR tekið saman gögn þeirra fimm sveitarfélaga sem eru þátttakendur í verkefninu og unnið greiningu á kostnaði og tekjum þeirra í úrgangsmálum fyrir undangengið ár. Börkur Smári Kristinsson, nýsköpunar- og þróunarstjóri PNR, og Sigurður Halldórsson, framkvæmdastjóri PNR, komu inn á fundinn og greindu frá helstu niðurstöðum þessa hluta verkefnisins. Aðferðarfræði PNR byggist á greiningu kostnaðar út frá hrágögnum, þ.e. reikningum og öðrum upprunalegum upplýsingum um kostnað vegna úrgangspjónustu. Erfiðlega gekk að nálgast gögnin hjá sumum sveitarfélögum og var því ekki hægt að bera saman ýmsa þætti úrgangspjónustu þeirra á milli. Einblínt var á kostnað vegna sérstakrar söfnunar við heimili þar sem sá þáttur var samanburðarhæfur á milli sveitarfélaga. Niðurstöður leiða í ljós að almennt er úrgangspjónustumarkaðurinn krefjandi þegar kemur að sannreyningu á magni og gegnsæi. Breytileiki á framsetningu á reikningum gerir sveitarfélögum ekki kleift að ná utan um stöðu úrgangsmála, bæði með tilliti til kostnaðar og magns. Skýra þarf verkferla með magnskráningu úrgangs og aðgengi að þeim upplýsingum. Einnig er mikilvægt að staðla reikninga sveitarfélaga í úrgangsmálum þannig að reikningar gætu orðið aðal gagnafæðið til sveitarfélaga um úrgangsmál. Í greiningu þeirra kemur einnig í ljós að ekki er endilega samband á milli aukinnar sérstakrar söfnunar og skila til endurnýtingar og minni kostnaðar, heldur þvert á móti eru endurvinnsluefnin dýrustu úrgangsflokkarnir sem jafnframt bera úrvinnslugjald. Að mati PNR þarf að skoða hvernig má láta hagræna hvata virka þannig að hvatt sé til lágmarkunar úrgangs og endurnotkunar og endurvinnslu samhliða minni kostnaði. Að lokum bendir niðurstaða greiningar PNR til þess að sveitarfélög sem reka sína úrgangspjónustu að öllu eða einhverju leyti sjálf nái meiri hagkvæmni en önnur sveitarfélög. Með því að sveitarfélög sjái um úrgangspjónustuna að einhverju leyti sjálf myndast bæði þekkingar- og innviðauppbýgging sem gæti reynst sveitarfélaginu til góða.

Verkefnisstjórn þakkar PNR fyrir þeirra framlag í kostnaðarmatsverkefni sambandsins og fagnar því að stigið hafi verið skref í að varpa betra ljósi á raunkostnað sveitarfélaga fyrir meðhöndlun úrgangs. Ljóst er að byggja þarf upp þekkingu í málaflokknum á sveitarstjórnarstiginu og gera þarf mun betur í að kortleggja kostnaðarmyndun í úrgangsstjórnun sveitarfélaga auk þess sem sveitarfélög þurfa að leggja meira í að greina verkferla, meta hvaða rekstarform hentar þeim og stunda virkt reikninga- og samningseftirlit.

8. Ný skýrsla um uppbyggingu hátæknibrennslu - 2009109SA

Dagskrárlið frestað.

9. Önnur mál - 2009111SA

Samþykkt að næsti fundur verkefnisstjórnar yrði haldinn mán. 27. maí nk. í fjarfundi frá kl. 10-12.

Fundi var slitið kl. 14:00

Jón Viggó Gunnarsson

Benedikt Traustason

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Stefán Aspar Stefánsson

Steinþór Þórðarson